

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2004/EES/54/01		Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) — Ákvæði um nýjar almannaþjónustuskýldur í áætlunarflugi á leiðinni Værøy (þyrluvöllur)–Bodø–Værøy (þyrluvöllur)	1
2004/EES/54/02		Útboð norskra stjórnvalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) á rekstri áætlunarflugs á leiðinni Værøy (þyrluvöllur)–Bodø–Værøy (þyrluvöllur)	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2004/EES/54/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3582 – Mannesmannröhren-Werke/Fuchs)	10
2004/EES/54/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3589 – Körber/Winkler+Dünnebier)	11
2004/EES/54/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3606 – Siemens/Bonus Energy)	12
2004/EES/54/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3610 – Friends Provident/Lombard/IDH)	13

2004/EES/54/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3617 – BC Partners/Picard)	14
2004/EES/54/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3351 – Arvin Meritor/Volvo (Assets)).	15
2004/EES/54/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3516 – Repsol YPF/Shell Portugal)	15
2004/EES/54/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3557 – IPR/Mitsui/MEC)	15
2004/EES/54/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3565 – Talanx/neue leben).	16
2004/EES/54/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3568 – JPMP/Apollo Group/AMC).	16
2004/EES/54/13	Ríkisaðstoð – Mál N 609/03 – Þýskaland	17
2004/EES/54/14	Ríkisaðstoð – Mál C 22/2004 – Svíþjóð.	17

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar
sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE)
nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan
bandalagsins)

2004/EES/54/01

ÁKVÆÐI UM NÝJAR ALMANNAÞJÓNUSTUSKYLDUR Í ÁÆTLUNARFLUGI Á LEIÐinni VÆRØY (ÞYRLUVÖLLUR)–BODØ–VÆRØY (ÞYRLUVÖLLUR)

1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (brunnur.stjr.is/ees/nsf/385499142c7e4810002567590058573a/ac6b12aa38f6e87600256700004e1337) hafa norsk stjórnvöld ákveðið að setja ákvæði um almannaðjónustuskyldur í áætlunarflugi frá 1. janúar 2005 á eftirfarandi leið:

- Værøy (þyrluvöllur)–Bodø–Værøy (þyrluvöllur)

2. ALMANNAÞJÓNUSTUSKYLDURNAR TAKA TIL EFTIRFARANDI ÞÁTTA:

2.1. Lágmarksfjöldi ferða, sætaframboð, leiðaval og áætlanir

Skylt er að halda uppi daglegu flugi í báðar áttir.

Ferðatíðni:

- Frá 1. febrúar til 31. október: a.m.k. tvær ferðir daglega báðar leiðir frá mánudegi til föstudags og ein á sunnudögum.
- Frá 1. nóvember til 31. janúar: a.m.k. ein ferð daglega báðar leiðir.

Sætaframboð:

- Frá 1. febrúar til 31. október skal vikulegt framboð í hvora átt vera a.m.k. 180 sæti.
- Frá 1. nóvember til 31. janúar skal vikulegt framboð í hvora átt vera a.m.k. 105 sæti.
- Ef sætanýting á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember er umfram 70 af hundraði skal flugrekandi auka sætaframboðið í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í meðfylgjandi viðauka.
- Ef sætanýting á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember nær ekki 35 af hundraði er flugrekanda heimilt að draga úr sætaframboði í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í meðfylgjandi viðauka.

Áætlanir:

Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.

Að auki gilda eftirfarandi ákvæði um áskildar ferðir frá mánudegi til föstudags (staðartími):

- Frá 1. febrúar til 28./29. febrúar skulu líða að minnsta kosti 3 klst. og 30 mín. milli fyrstu komu til Bodø og síðustu brottfarar þaðan.
- Frá 1. mars til 30. september skulu líða að minnsta kosti 5 klst. og 30 mín. milli fyrstu komu til Bodø og síðustu brottfarar þaðan.
- Frá 1. október til 31. október skulu líða að minnsta kosti 5 klst. og 15 mín. milli fyrstu komu til Bodø og síðustu brottfarar þaðan.

2.2. Gerð loftfars

Í áskildum flugferðum skal nota þyrilu sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

Athygli flugrekenda er sérstaklega vakin á því að á þyriluvellinum í Værøy eru aðeins skilyrði til sjónflugs að degi til. Um nánari upplýsingar vinsamlega leitið til:

Luftfartstilsynet, Postboks 8050 Dep, N-0031 OSLO, sími: + 47 23 31 78 00

2.3. Fargjöld

- Hæsta grunnfargjald aðra leið (fyrir breytanlegan farmiða) má ekki vera hærra en NOK 755,- á rekstrartímabilinu 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2006.
- Flugrekanda ber að sjá til þess að farmiðar séu til sölu á einum stað að minnsta kosti á verði sem er eigi hærra en hæsta grunnfargjald aðra leið. Flugrekanda ber einnig að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um hvar slíkir farmiðar séu fáanlegir.
- Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skal hámarksfargjaldið leiðrétt 1. ágúst í samræmi við hækkun vísitölu neysliverðs á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. júní sama ár, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar (ssb.no/english).
- Flugrekandi skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og skal bjóða alla afslætti samkvæmt þessum samningum.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við viðtekna venju.

2.4. Samfelld þjónusta

Fjöldi flugferða, sem er aflýst af ástæðum sem hægt er að rekja beint til flugrekanda, má ekki fara yfir 1,5 % af fyrirhuguðum fjölda flugferða á hverju ári.

2.5. Samstarfssamningar

Um útboð, sem takmarkar aðgang að leiðinni Værøy–Bodø–Værøy við einn flugrekanda, gildir eftirfarandi:

Fargjöld:

- Öll fargjöld vegna tengiflugs við annað flug skulu boðin öllum flugrekendum á sömu kjörum. Undanþegin þessu eru fargjöld vegna tengiflugs við annað flug sem bjóðandi annast, að því tilskildu að fargjaldið sé ekki hærra en 40 % af verði breytanlegs farmiða.
- Óheimilt er að veita og nýta punkta skv. tryggðarkerfum í þessu flugi.

Skilyrði vegna flutnings farþega:

- Öll skilyrði, sem flugrekandi setur vegna flutnings farþega til eða frá flugleiðum annarra flugrekenda, að meðtöldum tímanum sem fer í að skipta um flug og innrita farþega og farangur, skulu vera hlutlæg og án mismununar.

3. ANNAD

Þessar almannajónustuskýldur fyrir leiðina Værøy–Bodø–Værøy koma í stað þeirra sem voru birtar sem liður 02 í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi EB* nr. 7 frá 31. janúar 2002.

4. UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar fást hjá:

Samferdselsdepartementet
P O Box 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími + 47 22 24 82 41, bréfasími + 47 22 24 95 72

Þessar upplýsingar er einnig að finna á Internetinu:
odin.dep.no/sd/engelsk/aktuelt/tenders/index-b-n-a.html

VIÐAUKI

við ákvæði um almannajónustuskyldur í áætlunarflugi á leiðinni Væroy–Bodo–Væroy

ÁKVÆÐI UM BREYTINGAR Á SÆTAFRAMBOÐI

1. Tilgangur ákvæðis um breytingar á sætaframboði

Tilgangur ákvæðisins um breytingar á sætaframboði er að tryggja að sætaframboð flugrekanda fylgi breytingum í eftirspurn á markaði. Fjölgi farþegum verulega, þannig að sætanýting verði umfram mörkin sem tilgreind eru hér á eftir, er flugrekanda skylt að auka sætaframboðið. Jafnframt er flugrekanda heimilt að draga úr sætaframboði ef farþegum fækkar verulega. Sjá reglurnar í 3. lið hér á eftir.

2. Tímabil sem mæla skal sætanýtingu

Útreikningur á sætanýtingu skal miðast við tímabilin frá og með 1. janúar til og með 30. júní og frá og með 1. ágúst til og með 30. nóvember.

3. Skilyrði fyrir því að auka eða minnka sætaframboð**3.1. Skilyrði fyrir því að auka framboð**

3.1.1. *Skylt* er að auka sætaframboð ef meðalsætanýting á hverri einstakri flugleið sem fellur undir almannajónustuskyldur er umfram 70 af hundraði. Ef meðalsætanýting á þessum leiðum er umfram 70 af hundraði á öðru hvoru tímabilanna sem um getur í 2. lið ber flugrekanda að auka sætaframboð á þeim leiðum um 10 af hundraði að minnsta kosti eigi síðar en við upphaf næstu IATA-umferðartíðar á eftir. Sætaframboð skal aukið nægilega mikið til að meðalsætanýting verði ekki umfram 70 af hundraði.

3.1.2. Þegar sætaframboð er aukið í samræmi við ofangreindar reglur er flugrekanda heimilt, ef hann svo kys, að nota loftfar sem getur flutt fleiri farþega en tilgreint var í upphaflegu útboðsgögnunum.

3.2. Skilyrði fyrir því að draga úr framboði

3.2.1. *Heimilt* er að draga úr sætaframboði ef meðalsætanýting á hverri einstakri flugleið sem fellur undir almannajónustuskyldur nær ekki 35 af hundraði. Ef meðalsætanýting á þessum leiðum nær ekki 35 af hundraði á öðru hvoru tímabilanna sem um getur í 2. lið er flugrekanda *heimilt* að draga úr sætaframboði um allt að 25 af hundraði á þeim leiðum frá fyrsta degi eftir að fyrrnefndum tímabilum lýkur.

3.2.2. Á leiðum sem flognar eru oft en tvisvar á dag í hvora átt skal draga úr sætaframboði í samræmi við lið 3.2.1 með því að fækka ferðum. Aðeins er heimilt að víkja frá þessu ef flugrekandi notar loftfar sem getur flutt fleiri farþega en mælt er fyrir um í ákvæðum um almannajónustuskyldur. Honum er þá heimilt að nota minna loftfar sem þó skal geta flutt jafnmarga farþega og mælt er fyrir um í ákvæðum um almannajónustuskyldur.

3.2.3. Á leiðum sem aðeins eru flognar einu sinni eða tvisvar á dag í hvora átt er aðeins heimilt að draga úr sætaframboði með því að nota loftfar sem getur flutt færri farþega en mælt er fyrir um í ákvæðum um almannajónustuskyldur.

4. Málmeðferð við breytingar á sætaframboði

4.1. Samkvæmt lögum hefur norska samgönguráðuneytið með höndum að samþykkja áætlanir flugrekanda, að meðtöldum breytingum á sætaframboði. Vísað er til dreifibréfs samgönguráðuneytisins N-8/97 sem fylgir útboðsgögnunum.

4.2. Þegar fyrirhugað er að auka framboð í samræmi við lið 3.1 skulu flugrekandi og yfirvöld í sýslunni eða sýslunum, sem málið varðar, koma sér saman um flugáætlun vegna þeirrar aukningar.

4.3. Þegar framboð er aukið í samræmi við lið 3.1 og ekki næst samkomulag um flugáætlun í samræmi við lið 4.2 milli flugrekanda og yfirvalda í sýslunni (sýslunum) sem málið varðar er flugrekanda heimilt að leita samþykkis samgönguráðuneytisins fyrir nýrri flugáætlun vegna aukins sætaframboðs í samræmi við lið 4.1. Þetta merkir ekki að flugrekanda sé heimilt að leita samþykkis fyrir áætlun sem felur ekki í sér áskilda aukningu á framboði. Gildar ástæður verða að vera fyrir hendi til þess að ráðuneytið fallist á tillögur flugrekanda um áætlanir vegna aukins framboðs sem víkja frá því sem yfirvöld í sýslunni (sýslunum) sem málið varðar treysta sér til að samþykkja í samræmi við lið 4.2.

5. Óbreyttur fjárstyrkur þótt sætaframboð breytist

- 5.1. Fjárstyrkur sem greiddur er flugrekanda breytist ekki þótt sætaframboð sé aukið í samræmi við lið 3.1.
- 5.2. Fjárstyrkur sem greiddur er flugrekanda breytist ekki þótt dregið sé úr sætaframboði í samræmi við lið 3.2.

**Útboð norskra stjórnvalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar
sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð
ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga
að flugleiðum innan bandalagsins) á rekstri áætlunarflugs á leiðinni
Værøy (þyrluvöllur)–Bodø–Værøy (þyrluvöllur)**

2004/EES/54/02

1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (brunnur.stjr.is/ees.nsf/385499142c7e4810002567590058573a/ac6b12aa38f6e87600256700004e1337) hafa norsk stjórnvöld ákveðið að leggja nýjar almannaþjónustuskýldur á áætlunarflug innanhéraðs á leiðinni Værøy (þyrluvöllur)–Bodø–Værøy (þyrluvöllur) frá 1. ágúst 2005 og voru þær birtar 4. nóvember 2004 í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* nr. C 265 og *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54.

Hafi enginn flugrekandi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að tilboðsfrestur rann út, sbr. 12. lið þessarar tilkynningar, til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 1. ágúst 2005 í samræmi við almannaðjónustuskýldur sem hvíla á leiðinni Værøy–Bodø–Værøy, án þess að fara fram á fjárstyrk eða markaðsvernd, munu norsk stjórnvöld láta fara fram útboð í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og takmarka þannig starfsemi á flugleiðinni við einn flugrekanda frá og með 1. ágúst 2005.

2. MARKMIÐ ÚTBOÐSINS

Markmið útboðsins er að koma á áætlunarflugi á leiðinni Værøy–Bodø–Værøy frá 1. ágúst 2005 í samræmi við áhvilandi almannaðjónustuskýldur sem birtar voru 4. nóvember 2004.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að breyta ákvæðum um almannaðjónustu ef breytingar verða á skilyrðum fyrir viðurkenningu flugvalla. Ef slíkar breytingar verða er ráðuneytinu heimilt að bjóða flugsvæðið út að nýju.

Nauðsynlegt er að bjóðendur kynni sér vandlega sérstakar aðstæður á hverjum flugvelli um sig, m.a. að skylt er að hlíta takmörkunum á nýtingu loftrýmisins sem gilda um það leyti sem útboðið fer fram og stafa af umsvifum hersins; sjá reglugerð nr. 44 frá 16. janúar 2003 um sveigjanlega notkun loftrýmis. Upplýsingar um staðsetningu og flatarmál æfingasvæða og hvenær þau eru í notkun er að finna í AIP Norway, ENR 5.2 og ENR 6.5. Nánari upplýsingar um samkomulag milli norska flughersins og Avinor á grundvelli ofangreindrar reglugerðar fást hjá Avinor, Wergelandsveien 1, POB 8124 Dep, N-0032 Oslo.

3. RÉTTUR TIL AÐ GERA TILBOÐ

Öllum flugrekendum með gilt flugrekstrarleyfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum (brunnur.stjr.is/ees.nsf/385499142c7e4810002567590058573a/70d2158c7f5f093f00256700004e13e6) er heimilt að gera tilboð.

4. ÚTBOÐSTILHÖGUN

Útboðið fer fram í samræmi við ákvæði d-, e-, f-, g-, h- og i-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Vísað verður frá tilboðum sem berast of seint og tilboðum sem eru ekki í samræmi við útboðslýsinguna ⁽¹⁾.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að leita eftir samningum í kjölfar útboðsins ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi ⁽²⁾, óviðunandi ⁽³⁾ eða óhentug. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við áhvílandi almannaþjónustuskilyrður og án þess að grundvallarbreytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilyrðum ⁽⁴⁾.

Hafi þessir samningar ekki í för með sér viðunandi lausn ⁽⁵⁾ áskilur samgönguráðuneytið sér rétt til að aflýsa útboðinu í heild sinni. Er þá heimilt að birta nýja útboðslýsingu með nýjum skilmálum.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna ⁽⁶⁾ öllum tilboðum ef gildar ástæður til þess koma upp í kjölfar útboðsins.

Tilboð eru bindandi fyrir bjóðendur þar til samningur hefur verið gerður.

5. SAMNINGUR

5.1. Að jafnaði skal gera samninginn á grundvelli þess tilboðs sem felur í sér lægsta styrkfjárhæð fyrir tímabilið 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2008, sjá þó einnig lið 5.2.

5.2. Sé ekki unnt að velja milli tilboða á grundvelli liðar 5.1 vegna þess að jafnhá styrkfjárhæð er áskilin í tveimur eða fleiri tilboðum skal tekið því tilboði þar sem flest sæti eru í boði á tímabilinu 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2008.

⁽¹⁾ Vísað frá = tilboði hafnað án þess að það sé skoðað frekar. Sjá 9., 11. og 12. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við almannaþjónustuskilyrður til framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

9. gr. Upplýsingar varðandi tilboð sem berast of seint

Berist tilboð eftir að útboðsfrestur rennur út, sjá 6. gr., skal þeim vísað frá af þeim sökum og þau endursend.

Þetta á þó ekki við um tilboð sem berast eftir að útboðsfrestur rennur út en áður en tilboð eru opnuð ef ljóst er af póstmóttölu að tilboðið hafi verið sett í póst nógu snemma til að það bærst áður en fresturinn rann út samkvæmt eðlilegri póstmóttöluáætlun eða ef bjóðandi getur sannað það með kvittun frá norsku póstmóttöluáætlun áður en tilboð eru opnuð.

Ákvörðun um að vísa tilboði frá skal skráð í tilboðaskrá ásamt ástæðum fyrir frávisun.

11. gr. Tilboði vísað frá

1. Tilboði skal vísað frá ef:

það uppfyllir ekki, eins og það hljóðar á síðasta skiladegi, skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu, sbr. 3. gr.

2. Eftir nánari athugun er heimilt að vísa tilboði frá ef:

- í það vantar einhverjar þær upplýsingar sem kveðið er á um í útboðslýsingu;
- í því kemur ekki fram styrkfjárhæðin sem farið er fram á eins og áskilið er í útboðslýsingu, sbr. h-lið 8. gr.;
- bjóðandi getur ekki hafist á þeim degi sem áskilinn er í útboðslýsingu, sbr. p-lið 8. gr.;
- í tilboðinu er farið fram á óeðlilega háan styrk miðað við þjónustuna sem á að veita og bjóðandi getur ekki gefið fullnægjandi skýringar á því.

Í tilboðaskrá skal koma skýrt fram hvaða tilboðum er vísað frá ásamt ástæðum fyrir frávisun, sbr. f-lið 10. gr.

12. gr. Viðmið vegna útlögunar bjóðenda

1. Við val á bjóðanda og útlutun samnings er umsjónaraðilum útboðs heimilt að útiloka hvaða bjóðanda sem vera skal ef:

- fyrirtæki hans er gjaldþrota, stendur í skuldajöfnunarmáli eða verið er að leysa það upp, eða ef hann er hættur starfsemi eða býr við sambærilegar aðstæður vegna áþekkrar málsmeðferðar á grundvelli innlendra laga eða reglna;
 - höfðað hefur verið mál til að lýsa fyrirtæki hans gjaldþrota, til að jafna skuldir þess eða leysa það upp eða í öðrum svipuðum tilgangi á grundvelli innlendra laga eða reglna;
 - hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir brot er varðar breytni hans í starfi;
 - hann hefur gerst sekur um gróf brot á starfs- og siðareglum í starfsgrein sinni og færðar hafa verið sönnur á þau með einhverjum þeim hætti sem umsjónaraðili útboðsins tekur gildan;
 - hann hefur svikist um að greiða skatta og gjöld í samræmi við landslög ríkisins sem hann hefur staðfestu í eða norsk lög;
 - upplýsingar sem hann hefur veitt samkvæmt 8. og 13. gr. eru villandi í veigamiklum atriðum.
2. Nú biður umsjónaraðili útboðs bjóðanda að færa sönnur á að ekkert af því, sem um getur í a-, b-, c-, e- eða f-lið 1. mgr., eigi við um hann og er þá heimilt að viðurkenna eftirfarandi sem fullnægjandi sönnunargögn:
- Að því er varðar a-, b- og c-lið sakavottorð eða vottorð úr gjaldþrotaskrá, en að öðrum kosti jafngilt skjal sem er gefið út af dómsmálayfirvöldum eða stjórnvöldum í heimaríki bjóðanda eða ríki þar sem hann er staddur og sýnir að ekkert af þessu á við um hann.
 - Að því er varðar e- og f-lið vottorð þar til bærð yfirvalds í viðkomandi ríki.

⁽²⁾ Sbr. 11. gr. reglugerðar um útboðstilhögun í tengslum við almenningsþjónustuskilyrður til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 15. apríl 1994, nr. 256 (sbr. 1. nmgr. hér á undan).

⁽³⁾ Sbr. 5. lið III. kafla útboðslýsingarinnar.

⁽⁴⁾ Sbr. 2. mgr. 4. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við almannaþjónustuskilyrður til framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

⁽⁵⁾ Sbr. 11. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 og 5. lið III. kafla útboðslýsingarinnar.

⁽⁶⁾ Hafna = útboðinu er lokað eftir að tilboð hafa verið athuguð efnislega.

6. ÚTBOÐSGÖGN

Útboðsgögnin í heild, þ.e. ákvæði um almannaþjónustuskyldur, sérreglur sem gilda um útboðið (norsk reglugerð um útboðstilhögun í tengslum við almannaþjónustuskyldur til framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), staðlaður samningur og kostnaðaráætlun, fást að kostnaðarlausu hjá umsjónaraðila útboðsins:

Samferdselsdepartementet
P O Box 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: +47 22 24 8 3 53
Bréfasími: +47 22 24 56 09

Gögnin er einnig að finna á Internetinu:
odin.dep.no/sd/engelsk/aktuelt/tenders/index-b-n-a.html

7. STYRKJÁRHÆÐ

Tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina í útboðsgögnunum og skal tilgreina sérstaklega í norskum krónum (NOK) styrkfjárhæðina sem áskilin er vegna flugrekstrarins á samningstímanum 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2008. Tilboðin skulu miðast við verðlag á fyrsta rekstrarári, en það telst standa frá 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2006.

Rétt styrkfjárhæð fyrir annað og þriðja rekstrarár skal reiknuð á grundvelli leiðréttingar á rekstrartekjum og rekstrarkostnaði samkvæmt kostnaðaráætluninni. Leiðréttingin skal miðast við hækkun vísitölu neysluverðs, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar (ssb.no/english), á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár.

Flugrekandi skal halda eftir öllum tekjum af starfseminni og bera fulla ábyrgð á útgjöldum. Ef umtalsverðar og ófyrirséðar breytingar verða á forsendum sem liggja til grundvallar tilboðinu er þó heimilt að fara fram á endurskoðun samninga í samræmi við staðlaða samninginn.

8. FARGJÖLD OG ÁÆTLANIR

Fargjöld og fargjaldaskilmálar skulu koma fram í tilboðunum. Fargjöld skulu vera í samræmi við almannaþjónustuskyldurnar sem birtar voru 4. nóvember 2004.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til breytinga á dreifibréfi ráðuneytisins N-8/97 um málsmeðferð í tengslum við umferðaráætlanir og fargjöld fyrir áætlunarflug í Noregi.

9. SAMNINGSTÍMI; BREYTINGAR OG UPPSÖGN Á SAMNINGI

Upphaf samningstímans er 1. ágúst 2005; honum lýkur 31. júlí 2008.

Athugun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samstarfi við flugrekandann á næstu sex vikum eftir að samningstímanum lýkur.

Breytingar á samningnum koma því aðeins til greina að þær séu í samræmi við almannaþjónustuskyldurnar. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðauka við hann.

10. VANEFNDIR; UPPSÖGN SAMNINGS

Ef samningsaðili vanefnir samninginn í mikilvægum atriðum er hinum aðilanum heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust.

Með fyrirvara um ákvæði gjaldþrotalaga er samgönguráðuneytinu heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota.

Samgönguráðuneytinu er einnig heimilt að segja samningnum upp í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12. gr. reglugerðar um útboðstilhögun í tengslum við almannajónustuskyldur, en hún fylgir útboðsgögnunum (lovdata.no/for/sf/sd/sd-19940415-0256.html).

Hafi flugrekandinn verið ófær um að standa við almannajónustuskyldur samkvæmt samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum, af óviðráðanlegum ástæðum eða af öðrum sökum sem eru ekki í valdi hans, er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandinn missir flugrekstrarleyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Með fyrirvara um hugsanlegar skaðabótakröfur skal styrkfjárhæðin lækka í hlutfalli við heildarfjölda flugferða sem aflýst er af ástæðum sem rekja má beint til flugrekandans, enda sé þar um að ræða meira en 1,5 % af fyrirhuguðum fjölda flugferða á rekstrarárinu.

11. FLUGKÓÐAR

Flug mega ekki bera aðra kóða en flugfélags bjóðanda og mega ekki falla undir kóðaskipta-samninga.

12. SKIL TILBOÐA

Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökukvittun á eftirfarandi pósthfang, og sannar pósthstimpill afhendingu, eða afhent á sama stað gegn kvittun:

Samferdselsdepartementet
Akersgata 59 (afgreiðsla)
P O Box 8010 Dep
N-0030 OSLO

eigi síðar en 6. desember 2004 kl. 15:00 (að staðartíma).

Tilboðum skal skila í þremur (3) eintökum.

13. GILDI ÞESSARAR ÚTBOÐSTILKYNNINGAR

Útboðstilkynning þessi er því aðeins gild að enginn EES-flugrekandi hafi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að tilboðsfrestur rann út, sbr. 12. lið þessarar tilkynningar, til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 1. ágúst 2005 í samræmi við almannajónustuskyldur sem hvíla á leiðinni Værøy–Bodø–Værøy, án þess að fara fram á fjárstyrk eða markaðsvernd.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3582 – Mannesmannröhren-Werke/Fuchs)**

2004/EES/54/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. október 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, og í kjölfar tilvísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Mannesmannröhren-Werke AG (MRW), sem tilheyrir þýsku samsteypunni Salzgitter AG, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Röhrenwerk Gebr. Fuchs GmbH (Fuchs) sem er nú undir yfirráðum MRW og hins þýska ThyssenKrupp Stahl AG í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MRW: framleiðsla og dreifing á rörum, stáli og aðföngum til röragerðar
 - Salzgitter AG: stáلتækni, framleiðsla og dreifing á stálvörum, framleiðsla á sverum rörum
 - Fuchs: framleiðsla og dreifing á soðnum, venjulegum stálrörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 271, 5. nóvember 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3582 – Mannesmannröhren-Werke/Fuchs, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3589 – Körber/Winkler+Dünnebier)****2004/EES/54/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, og í kjölfar tilvísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Körber AG öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Winkler+Dünnebier AG (W+D) með yfirtökuboði sem var tilkynnt 7. október 2004.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Körber AG: fjölþjóðleg tækniiðnaðarsamsteypa sem framleiðir og markaðsfærir tæki til framleiðslu á vindlingum, pappír, pappírspurrkum, hreinlætispappír og umbúðum
 - W+D: framleiðir og markaðsfærir tæki til framleiðslu á pappírspurrkum og umslögum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 269, 4. nóvember 2004). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3589 – Körber/Winkler+Dünnebier, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3606 – Siemens/Bonus Energy)**

2004/EES/54/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Siemens AG öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir danska fyrirtækinu Bonus Energy A/S (Bonus) sem er undir yfirráðum hins danska Danregn Vindkraft A/S.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Siemens AG: tæknifyrirtæki með starfsemi víða um heim á sviði upplýsingatækni og fjarskipta, sjálfstýribúnaðar, orku, samgangna, lækningatækja og lýsingar, auk fjármálastarfsemi og fasteignarekstrar
 - Bonus: framleiðsla á vindhverflum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 266, 29. október 2004). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3606 – Siemens/Bonus Energy, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3610 – Friends Provident/Lombard/IDH)**

2004/EES/54/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. október 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Friends Provident plc öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir lúxemborgska fyrirtækinu Lombard International Assurances SA (Lombard) og hinu svissneska Insurance Development Holdings AG (IDH).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Friends Provident plc: líftryggingar og lífeyrissjóðir, eignastýring
 - Lombard: líftryggingar
 - IDH: eignarhaldsfyrirtæki; dótturfyrirtæki þess starfa á sviði markaðssetningar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 272, 6. nóvember 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3610 – Friends Provident/Lombard/IDH, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3617 – BC Partners/Picard)****2004/EES/54/07****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. október 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið CIE Management II Limited (CIEM), sem er undir yfirráðum BC Partners Holdings Limited (BC Partners) og skráð á Guernsey eins og það fyrirtæki, öðlast með hlutafjárkaupum í gegnum til þess stofnað franskt fyrirtæki, OBO2, að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Financière Fontainebleau SA (Fontainebleau) sem stýrir franska fyrirtækinu Picard Surgelés SA (Picard) og hinu ítalska Picard I Surgelati SpA (Picard I).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CIEM/BC Partners: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Fontainebleau: eignarhald á Picard og Picard I sem starfa á sviði smásölu á frystri matvöru í Frakklandi og á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 272, 6. nóvember 2004). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3617 – BC Partners/Picard, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3351 – Arvin Meritor/Volvo (Assets))**

2004/EES/54/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. október 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3351. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3516 – Repsol YPF/Shell Portugal)**

2004/EES/54/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. september 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3516. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3557 – IPR/Mitsui/MEC)**

2004/EES/54/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. október 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3557. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3565 – Talanx/neue leben)**

2004/EES/54/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. október 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á þýsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CDE“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3565. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3568 – JPMP/Apollo Group/AMC)**

2004/EES/54/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. október 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3568. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

Ríkisaðstoð
Mál N 609/03
Þýskaland

2004/EES/54/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar í þágu Kronoply GmbH (rammaákvæði um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna sem taka til margra atvinnugreina), sjá Stjtið. ESB C 258 frá 20. október 2004.

Framkvæmdastjórnin veitir aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri við:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate State Aid I
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: (32) 22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskinn rökstudd.

Ríkisaðstoð
Mál C 22/2004
Svíþjóð

2004/EES/54/14

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna skattfrádráttar sjómanna, sjá Stjtið. ESB C 258 frá 20. október 2004.

Framkvæmdastjórnin veitir aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri við:

European Commission
Directorate-General for Fisheries
Directorate D – Legal Unit
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: (32) 22 95 19 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Svíþjóð. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskinn rökstudd.